

Sp.

154. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Allar breytingartillögur á þingskjali 148 eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega. Fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins í nefndinni hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við einstaka liði frumvarpsins eða hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar, sem birtar eru á áður-nefndu þingskjali. Þeir munu því skila séráliti.

Þegar á 2. fundi sínum, þann 19. okt. s. l., hóf nefndin umræður og athuganir á frumvarpinu, en alls hefur hún rætt málið á 37 fundum.

Auk fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin haft til athugunar og afgreiðslu 525 erindi, sem til hennar hafa borizt frá fjölmörgum aðilum. Öll fela þessi erindi í sér meiri eða minni fjárbeiðnir til styrktar margvíslegum þörfum þjóðfélagsþegnanna.

Svo sem oft áður hafa nefndarmenn skipt með sér verkum og unnið milli funda að athugun sérstakra málaflokka. Hefur slík vinnutilhögun létt nefndinni störfín og flýtt fyrir afgreiðslu mála. Þá hefur nefndin átt viðræður við fjölmarga forstöðumenn og fulltrúa hinna ýmsu ríkisstofnana og félagasamtaka, sem fé er veitt til í fjárlögum.

Að þessu sinni hefur nefndin m. a. frestað til 3. umræðu tillögum sínum um skiptingu á fé til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða, enn fremur fjárveitingum til fyrirhleðslna og svo sem venja er tillögum um breytingar á 18. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum um 19. gr. fjárlagafrumvarpsins, eru niðurgreiðslur á vöruverði innanlands áætlaðar 336 millj. kr. Er þá miðað við niðurgreiðslur eins og þær voru í maí s. l. á ársgrundvelli, að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Hins vegar er ekki gerð tillaga um, hversu skuli á næsta ári fara með þær niðurgreiðslur, sem síðan hafa bæzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands í júní s. l. Er talið eðlilegt, að Alþingi marki þá frambúðarstefnu, sem fylgt verður í þeim efnun. Ríkisstjórnin hefur nú mál þessi til athugunar. Gert er ráð fyrir, að hún skili tillögum sínum fyrir 3. umræðu málsins.

Þá eru til sérstakrar athugunar tekjuliðir frumvarpsins, m. a. með hliðsjón af því, á hvern hátt verður farið með afgreiðslu þeirra mála, sem að framan greinir, en þess er að vænta, að niðurstöður þeirra athugana liggi jafnhliða fyrir.

Auk þess, sem að framan greinir varðandi frestun afgreiðslu nokkurra málaflokka til 3. umræðu, eru hjá nefndinni óafgreidd erindi, sem hún mun taka til frekari athugunar og afgreiðslu á milli umræðna. Þá mun samvinnunefnd samgöngumála skila tillögum um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Með samþykkt breytingartillagna fjárveitinganefndar á þingskjali 148 er gjaldabálgur fjárlagafrumvarpsins orðinn nokkru hærri en tekjuliðir þess. Það er álit meiri hluta nefndarinnar, að fjárlög beri að afgreiða tekjuhallaus. Mun hann því miða tillögur sínar við 3. umr. málsins við það, að svo megi verða.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

Um 3. gr. A.

Póstur og sími: Tekjuliðir hækka um 15 millj. kr. vegna breyttrar áætlunar. Gjaldaliðir hækka um sömu upphæð. — Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins: Tekjur: Sala að frádregnum söluskatti og afslætti hækkar um 2 475 000 kr. Gjaldaliðir: Framleiðslukostnaður hækkar um 1 600 000 kr. og skrifstofukostnaður um 875 000 kr. eða samtals um sömu upphæð og hækkun tekna.

Um 10. gr.

Sendiráðið í Washington: Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. vegna viðhalds á húsnæði. — Launaliður við sendiráðið í Osló hækkar um 90 þús. kr. vegna veikindaforfalla. — Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tollaga hækkar um 45 þús. kr. — Þá eru tveir nýir liðir: Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1 967 500 þús. kr. og bráðabirgðaaðild að GATT 108 þús. kr.

Um 11. gr. A.

Lagt er til, að útgáfa hæstaréttardóma hækki um 45 þús. kr. og ljósprentun hæstaréttardóma hækki um 100 þús. kr. Í sambandi við lögreglukostnað hækkar liðurinn ýmis annar kostnaður um 400 þús. kr., og er það vegna fjölgunar lögreglumanna í Kópavogi. Einnig er nýr liður: Til umferðarlöggæzlu í Kópavogi 200 þús. kr. Liðurinn til byggingar fangahúsa hækkar um 125 þús. kr. Er það vegna byggingar fangahúss á Patreksfirði. Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra hækkar um 40 þús. kr.

Um 12. gr.

Geðveikrahælið á Kleppi: Nýr liður kemur þar inn: til húsgagna- og áhaldakaupa 1 millj. kr., en jafnframt er lagt til, að annar kostnaður lækki um 250 þús. kr., þannig að fjárveitingar til hælisinga hækki um 750 þús. kr. — Þá er lagt til, að byggingarstyrkur St. Jósefsspítalans í Reykjavík hækki um 1 millj. kr. og styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 300 þús. kr. Heildarupphæðinni er nú skipt niður á staði samkv. l. nr. 54/1964, eins og fram kemur í breytingartillögum fjárveitinganefndar á þingskjali 148. Tillögur þessar eru miðaðar við, að styrkir til sjúkrahúsa og sjúkraskýla greiðist á 8 árum, en styrkir til læknabústaða greiðist á 5 árum. — Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að hækki um 50 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, hækki um 200 þús. kr. — Til námskeiða fyrir embættislækna hækkar um 30 þús. kr.

Um 13. gr. A.

Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum er hækkaður um 40 þús. kr., og er ætlað til, að sú upphæð verði til ráðstöfunar fyrir býli á Hólsfjöllum. — Þá eru þrjú nýir liðir: Til Guðmundar Jónassonar vegna rekstrar snjóþjófleiðar 25 þús. kr., til rekstrar snjóþjófleiðar á Fljótsdalshéraði 30 þús. kr. og til nýbýlavega 200 þús. kr.

Um 13. gr. C.

Lagt er til, að laun vitavara hækki um 240 þús. kr. — Rekstrarkostnaður vitaskipsins hækkar um 600 þús. kr. — Í lið V fellur niður úr textanum: og viðhald sæluhúsa. — Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 1 950 000 kr. — Þá eru tillögur um þrjú nýja liði: Kostnaður vegna þátttöku í ráðstefnu P.I.A.N.C.: a. Þátttökugjald 50 þús. kr. b. Annar kostnaður 50 þús. kr. Ráðstefna þessi er á vegum alþjóðasamtaka hafnarverkfræðinga. — Nýir liðir: Til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu Gretti 1 500 000 kr. og ferjubryggjur 515 þús. kr., en skipting á því fé er í breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 148.

Um 13. gr. D.

Flugöryggisþjónustan: Lagt er til vegna aukinnar umferðar í innanlandsflugi, að eftirtaldir liðir við flugumferðarstjórn þessara staða hækki þannig: Reykjavík, aukavinna 60 þús. kr. Akureyri, annar kostnaður 105 þús. kr. Egilsstaðir, annar kostnaður 50 þús. kr., og Ísafjörður, annar kostnaður 50 þús. kr.

Um 13. gr. E.

Lagt er til, að launaliður veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli hækki um 27 þús. kr. Er sú hækkun vegna tilfærslu á milli launaflokka. Þá hækkar einnig liðurinn aukavinna og vaktaálag hjá sömu deild um 20 þús. kr. — Í sambandi við veðurfarsdeild hækka liðirnir þóknun til veðurathugunarmanna um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr. Liðurinn til veðurathugana á hálendi Íslands hækkar um 370 þús. kr.

Um 13. gr. F.

Tekjuliður Ferðaskrifstofu ríkisins er lækkaður um 300 þús. kr., og hækkar rekstrarhalli stofnunarinnar þar af leiðandi um sömu upphæð. — Skipaskoðun ríkisins: Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem eru ekki á föstum launum úr ríkissjóði, hækkar um 50 þús. kr., og kostnaður við útreikninga á stöðugleika nokkurra íslenskra fiskiskipa hækkar um 60 þús. kr. — Stýrimannaskólinn: Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 150 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um sömu upphæð. Er hér um leiðréttingu að ræða. — Til sjómælinga og sjókortagerðar: Nýr liður: Til kaupa á tæki til sjómælinga og kortagerðar 200 þús. kr. — Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkv. l. nr. 53/1963: Er lagt til, að launaliður hækki um 40 þús. kr., en annar kostnaður lækki um 20 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Háskólinn: Laun hækka um 299 520 kr. vegna tannlæknadeildar. Til tannlækningastofu hækkar um 549 þús. kr. vegna fjölgunar í deildinni. — Launaliður við fræðslumálastjóraembættið hækkar um 23 760 kr. — Menntaskólinn á Akureyri: Viðhald húsa og áhalda hækkar um 150 þús. kr. — Kennaraskólinn: Nýr liður: Húsnæði utan skóla 300 þús. kr. Tækniskólinn: Rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar í Reykjavík frá 15. sept. til 31. des. 1964 hækkar um 540 þús. kr. — Framlög til iðnskóla hækka um 489 þús. kr. — Framlög til byggingar barnaskólahúsa og skólastjóraabústaða í smíðum hækka um 11 411 746 kr. Er hér um að ræða leiðréttingar vegna stóraukins byggingarkostnaðar, sem stafar annars vegar af stækkun skólahúsanna, á meðan á byggingu stendur, og hins vegar af hækkun, sem átt hefur sér stað á vinnulaunum og efniskostnaði. Tillögur um framlög til nýrra skólahúsa og skólastjóraabústaða munu bíða afgreiðslu til 3. umræðu. Framlög til byggingar gagnfræða- og héraðsskólahúsa í smíðum hækka um 3 751 033 kr. Ný skólahús munu bíða afgreiðslu til þriðju umræðu. Að öðru leyti visast til greinargerðar um framlög til byggingar barnaskóla og skólastjóraabúða. — Alþýðuskólinn á Eiðum: Til viðhalds hækkar um 304 þús. kr., og inn kemur nýr liður: heimtaugargjald 69 þús. kr. — Rekstrarkostnaður héraðsskóla hækkar um 790 þús. kr., kostnaður við miðskólann á Brúarlandi hækkar um 100 þús. kr., og hluti ríkissjóðs vegna endurbóta á búningsklefum og sundlaug í Varmahlíð í Skagafirði nemur 345 þús. kr. Til unglingsfræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra hækkar um 150 þús. kr. — Íþróttakennaraskóli ríkisins: Til námskeiða fyrir íþróttakennara hækkar um 30 þús. kr. og liðurinn lagning íþróttavalla hækkar um 100 þús. kr. — Þá falla niður laun Lárusar Rist sundkennara 20 976 kr. — Til styrktar erlendum námsmönnum í íslenskum skólum samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins hækkar um 31 500 kr.

Um 14. gr. B.

Landsbókasafnið: Laun lækka um 126 960 kr. Þá er tekinn upp nýr liður: Til endurbóta á landsbókasafnshúsi 536 þús. kr. — Þjóðskjalasafnið: Laun hækka um 126 960 kr. Er hér um leiðréttingu að ræða, en laun þessi voru færð á Landsbókasafnið vegna mistaka við undirbúning fjárlagafrumvarpsins. Liðurinn til kaupa á skjalaskápum og tækjum til viðgerða á handritum hækkar um 200 þús. kr. — Þjóðminjasafnið: Laun hækka um 20 460 kr., og liðurinn til rannsókna og ferðalaga hækkar um 10 þús. kr. — Fræðslumyndasafnið: Til kaupa, endurgerðar og

framleiðslu á íslenskum kvikmyndum og kyrrmyndum hækkar um 50 þús. kr. Framlag til bæjar- og héraðsbókasafna samkv. l. nr. 22/1963 hækkar um 200 þús. kr. — Til Fornleifafélagsins hækkar um 15 þús. kr. — Til Hins íslenska náttúrufræðifélags hækkar um 10 þús. kr. — Til málnefndar til nýyrðasöfnunar og leiðbeininga, er miða að málvernd, hækkar um 25 þús. kr. Til orðabókar háskólans: Laun hækka um 130 þús. kr. Frádráttarliðurinn framlag frá sáttmálasjóði falli niður. — Nýr liður: Til náttúrugripasafns í Vestmannaeyjum 50 þús. kr. — Til útgáfu á Ættum Austfirðinga hækkar um 30 þús. kr. — Til Halldóru Bjarnadóttur til útgáfustarfsemi hækkar um 25 þús. kr. — Niður fellur liðurinn: Til útgáfu manntalsins frá 1890 30 þús. kr. — Inn kemur nýr liður: Til útgáfu handbókar fyrir kennara tor-næmra barna 40 þús. kr. — Til íslenska stærðfræðifélagsins hækkun 10 þús. kr. — Til skálda, rithöfunda og listamanna: Við bætist málsgrein: að öðru leyti skal sjö manna úthlutunarnefnd, er Alþingi kýs hlutbundinni kosningu, annast skiptingu fjárveitingarinnar. — Til Iceland Review hækkun 30 þús. kr. — Til að semja og gefa út æviskrár Vestur-Íslendinga hækkun 50 þús. kr. — Til tónlistarskóla samkv. lög-um hækkun 200 þús. kr. — Inn kemur nýr liður: Til tónlistarskóla til kaupa á hljómplötum o. fl. 50 þús. kr. — Til Sambands íslenskra karlakóra hækkun 35 þús. kr. — Til Kirkjukórasambands Íslands hækkun 40 þús. kr. — Til Bandalags íslenskra leikfélaga hækkun 50 þús. kr. — Til Sambands íslenskra lúðrasveita hækkun 30 þús. kr. — Til Vilhjálms Ögmundssonar á Narfeyri til stærðfræðiiðkana hækkun 20 þús. kr. — Til minningarlunda og skruðgarða undir eftirliti og samkv. ráð-stöfun skógræktarstjóra hækkun 40 þús. kr. — Til vörzlu og sýningar listaverka-gjafar Ásgríms Jónssonar hækkun 15 þús. kr.

Tillögur eru um eftirfarandi nýja liði: Tímaritið Eimreiðin í tilefni af 70 ára afmæli 25 þús. kr. — Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur landsins 50 þús. kr. Til minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað 15 þús. kr. — Til útgáfu æviskráa Borgfirðinga 30 þús. kr. — Til kaupa á Linguaphone-námskeiðum Björns Björnssonar 50 þús. kr. — Til Hauks Guðlaugssonar til starfa að tónlistarmálum 12 þús. kr. — Til umbóta á Reykhólum 25 þús. kr. — Til Félags íslenskra myndlistarmanna, styrkur til sýningar í Þrándheimi 50 þús. kr. — Til endurbóta á húsi Bjarna riddara Sívertsens 100 þús. kr. — Til að tryggja tveimur íslenskum námsmönnum herbergi í nýjum alþjóðastúdentagarði í París 105 þús. kr. — Til að varðveita gamla smiðju í Nýhöfn á Melrakkasléttu 50 þús. kr.

Um 15. gr.

Biskupsembættið: Risna hækkar um 10 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 25 þús. kr. — Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum hækkun 1 500 000 kr., og húsaleigustyrkur presta hækkar um 180 þús. kr. — Kostnaður við kirkjuráð hækkar um 15 þús. kr. — Til greiðslu álags vegna afhendingar kirkna til safnaða hækkar um 200 þús. kr. — Til styrktar málgagni fyrir hina íslensku þjóðkirkju hækkar um 4500 kr. — Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi hækkar um 80 þús. kr. — Eftirlitsmaður með prestssetrum: Laun hækka um 19 080 kr., og annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr. — Umsjónarmaður með kirkjugörðum: Annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr. — Til sjúkrahúsaprests hækkar um 12 þús. kr. — Til Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar í Hólastifti vegna framkvæmda við sumarþúðir við Vestmannsvatn í Aðaldal hækkar um 50 þús. kr. — Til æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar á Suðurlandi vegna framkvæmda við sumarþúðir í Skálholti hækkar um 50 þús. kr.

Um 16. gr. A.

Til Búnaðarfélags Íslands hækkun 215 þús. kr. — Til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfélags Íslands hækka laun um 130 þús. kr. og ferðakostnaður, húsa-leiga, aðstoð o. fl. um 110 þús. kr. — Gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsa-gerðarsamþykktir í sveitum: Kostnaður við athuganir og mælingar samkv. 5. gr.

laganna hækkar um 40 þús. kr. — Framlag samkv. lögum nr. 75/1962, um Stofnlána-
deild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum: b. Samkv. 4. gr. 1.
Fast framlag til stofnlánadeildar hækkar um 150 þús. kr. Skipting á fé til sjó-
varnargarða er í breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 148. — Til sand-
græðslustöðva hækkar um 200 þús. kr. Þá eru teknir upp tveir nýir liðir: Til hús-
bygginga vegna bruna 200 þús. kr. Til fræ- og fódurtilrauna í Gunnarsholti 400
þús. kr. — Veiðimálaskrifstofan: Útgáfukostnaður hækkar um 15 þús. kr. Annar
kostnaður hækkar um 30 þús. kr. — Liður 27 skiptist á eftirfarandi hátt: Kostnaður
við veiðimálanefnd og veiðieftirlit 170 þús. kr. Styrkir til fiskræktar samkv. l. nr.
112/1941 350 þús. kr. Fyrir voru á upphaflega liðnum 300 þús. kr., þannig að hækk-
unin er 220 þús. kr. — Bændaskólinn á Hólum: Til viðhalds og endurbóta hækkar
um 600 þús. kr. Inn kemur nýr liður: Til borunar eftir heitu vatni 150 þús. kr. —
Garðyrkjuskólinn á Reykjum: Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. — Rekstrar-
kostnaður húsmæðraskóla í sveitum hækkar um 1 601 275 kr., og framlag til bygg-
ingar húsmæðraskóla í sveitum hækkar um 2 807 900 kr. — Til Kvenfélagasambands
Íslands til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju hækkar um 60 þús. kr.
— Þá eru tveir nýir liðir: Til Hússtjórnarkennarafélags Íslands vegna þinghalds
sumarið 1965 40 þús. kr. og til gróðurverndar í Búðahrauni á Snæfellsnesi 10 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Til námskeiða í meðferð fiskileitartækja hækkar um 25 þús. kr. — Inn koma
tveir nýir liðir: Til kaupa á tæki fyrir rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands 600 þús.
kr. og til starfsfræðslu sjávarútvegsins 50 þús. kr.

Um 16. gr. C.

Öryggiseftirlit ríkisins: Nýr liður: Til kaupa á hávaðamæli 60 þús. kr.

Um 16. gr. E.

Atvinnudeild háskólans: Byggingardeild: Launaliður hækkar um 147 600 kr.
Fiskideild: Launaliður hækkar um 117 360 kr. Búnaðardeild: Nýr liður: Til rann-
sóknna á lifnaðarháttum gæsa 30 þús. kr. — Löggildingarstofan: Annar kostnaður
hækkar um 300 þús. kr. — Til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur hækk-
ar um 20 þús. kr.

Um 17. gr.

Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaborpa: Mælingarkostnaður hækkar um
100 þús. kr. Kostnaður við loftmyndatöku hækkar um 450 þús. kr. En tekjuliður
hækkar að sama skapi um 550 þús. kr. — Inn koma eftirfarandi nýir liðir: Til
vatnsöflunar fyrir Leirá í Melasveit 50 þús. kr. Til vatnsöflunar fyrir Grímsey
100 þús. kr. Til vatnsöflunar fyrir býlin Furubrekku og Foss 30 þús. kr. Til vatns-
öflunar fyrir Arnarstapabýli 35 þús. kr. Til vatnsöflunar fyrir Vestmannaeyjar
1 millj. kr.

Til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 20 þús. kr., og til Landssambands
verzlunarmanna hækkar um 25 þús. kr.

Til dagheimila, byggingarstyrkir: Við bætast: Á Selfossi 75 þús. kr. Í Húsavík 75
þús. kr. Til dagheimilis í Kópavogi hækkar um 15 þús. kr. Nýr liður: Til umbóta á hús-
næði barnaheimilisins á Kumbaravogi 50 þús. kr. Til Blindravinafélagsins til útgáfu
bóka á blindralettri hækkar um 40 þús. kr. — Til Bandalags íslenzkra farfugla hækkar
um 75 þús. kr. Til Félagsmálastofnunarinnar hækkar um 25 þús. kr. — Liðurinn: Til
Ungmennafélags Íslands hækkar um 50 þús. kr., og til Ungmennafélags Íslands til
skógræktar í Þrastaskógi hækkar um 15 þús. kr. Eftirfarandi nýir liðir koma
inn: Til Svifflugfélags Íslands 75 þús. kr. Til sjúkraflugs í Árneshreppi 25 þús. kr.
Til Fuglaverndunarfélags Íslands 25 þús. kr. Til sjómannaheimilis á Norðfirði 25 þús.

kr. Til æskulýðsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25 þús. kr. Til hjálparveitar skáta í Hafnarfirði vegna fiskasýningar 100 þús. kr. Til Bandalags íslenzkra skáta til kaupa á húsnæði 100 þús. kr.

Um 20. gr.

Til bygginga á prestssetrum hækkar um 1 millj. kr. — Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna hækkar um 500 þús. kr. — Inn koma tveir nýir liðir: Til byggingar útihúsa í Ólafsdal 200 þús. kr. og til kaupa á íbúð fyrir starfsfólk á Litla-Hrauni 125 þús. kr.

Um 22. gr.

Breytt er upphæð í XIX. lið: Að taka allt að 11 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna. — Inn koma tveir nýir liðir: Að selja gamalt póst- og símahús að Austurvegi 1 á Selfossi ásamt tilheyrandi lóð, ef viðunandi boð fæst. — Að selja prestssetrið Frumskóga 7 í Hveragerðishreppi.

Alþingi, 11. des. 1964.

Jón Árnason,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Jónas Pétursson.

Matthías Bjarnason.

Gunnar Gíslason.